

# Formannafundur FHB 2009

haldinn í Bændahöllinni fimmtudaginn 16. apríl kl. 10

Fundinn sátu:

Kristinn Guðnason, formaður FHB, Sigbjörn Björnsson, varaformaður FHB, Hulda G. Geirsdóttir, framkvæmdastjóri FHB, Eypór Einarsson, gjaldkeri FHB, Sveinn Steinarsson frá Hrossaræktarsamtökum Suðurlands, Ingimar Ingimarsson frá Hrossaræktarsambandi Skagfirðinga, Ríkhartur Hafdal frá Hrossaræktarsamtökum Ey-Ping, Sigurður Jökulsson frá Hrossaræktarsambandi Dalamanna, Birna Hauksdóttir frá FHB á Vesturlandi, Magnús Jósefsson frá Samtökum hrossabænda í A-Hún. og Jósef Valgarð Þorvaldsson frá Hrossaræktarsamtökum Austurlands.

Kristinn Guðnason setti fund og skipaði Sigbjörn Björnsson fundarstjóra og Huldu G. Geirsdóttur fundarritara.

Því næst var gengið til dagskrár og fjallaði Kristinn um starfsemi FHB um þessar mundir. Rakti hringferð sína um landið þar sem haldnir voru átta fundir víðsvegar og voru þeir vel sóttir og mikill áhugi á því að ræða kynbótadóma og ræktunarmál.

Kristinn fjallaði um helstu verkefni félagsins og hvernig takast skuli á við áhrif kreppunnar á hestamenskuna. Ljóst sé að innanlandsmarkaður sé að dragast mikið saman þó hestamennskan sjálf sé líflæg, mikið að gera í reiðkennslu, sýningum og starfsemi, en samdráttur í sölu. Svo virðist sem mjög erfitt sé að selja góða reiðhesta og erlendir kaupendur eru fyrst og fremst að leita að kynbóta- og keppnishrossum. Vöntun er á góðum keppnishrossum og eftirspurn eftir þeim jöfn og stöðug. Félagið hefur hafið vinnu við stefnumörkun í markaðsmálum og sótt um styrk til þeirrar vinnu til Þróunarfjárfendur hrossaræktarinnar. Ljóst er að sóknarfæri liggja helst erlendis, t.d. í Noregi þar sem mikil uppsveifla er í hestamenskunni og hægt væri að liðka fyrir innflutningi með niðurfellingu tollkvóta. Mun ráðgjafanefnd um útflutning hrossa taka það mál upp.

Fjallað um Evrópu reglugerðir sem við föllum undir varðandi lyfjagjafir og sjúkdómsskráningu. Stefnt að því að sjúkdómsskráning fari í gegnum WorldFeng og kynna þarf vel fyrir hestamönnum reglur um lyfjanotkun. T.d. kom fram að það lyf sem notað er við geldingar í dag á Íslandi er þannig að bannað er að slátra hrossum sem fengið hafa slíkt lyf. Skráningarskylda er hjá dýralæknum og hefur Björn Steinbjörnsson verið ráðinn eftirlitsdýralæknir með sjálfstætt starfandi dýralæknum.

Exem rannsóknnum miðar vel áfram og eru rannsóknaraðilar vongóðir um árangur. Ef fjármagn fæst verður ráðin doktorsnemi að verkefninu og fengnir hestar erlendis til að „afnæma.“ Verkefnið þarf að lágmarki 10 milljónir fyrir þetta næsta skref. Sótt er um í ýmsa sjóði.

Fjallað um ýmis verkefni og samstarf við önnur fagfélög. Mikill og almenn ánægja með ágríparáðstefnu á Hvanneyri sem Eypór Einarsson og Hulda G. Geirsdóttir skipulögðu fyrir hönd FHB og unnin var í samvinnu við alla hagsmunaaðila greinarinnar. Farið sérstaklega yfir samstarf við FT og sameiginleg fræðslu- og kennslumarkmið félaganna. Kristinn velti upp spurningum um það hvort félögin ættu samleið og að stefnt skyldi í átt að sameiningu? Á FT heima sem deild innan FHB? Væru félögin sterkari saman? Málið rætt lauslega og skiptar skoðanir þar um.

WorldFengur var næstur til umræðu, en nú hefur sú breyting orðið að öllum félagsmönnum LH hefur verið boðin aðgangur að WorldFeng í gegnum samninga við FEIF. Fundarmenn veltu fyrir sér hvaða áhrif þetta mun hafa á félagsaðildina í FHB? Aðgangur í gegnum FHB verður óbreyttur og því þurfa

þeir félagar okkar sem vilja fara þar í gegn ekki að hafa áhyggjur af því að hann breytist. Einnig hefur FHB lagt til þróunarfé til WorldFengs í ár og leggur sérstaka áherslu á að heimaréttin verði þróuð áfram og boðið verði upp á með einhverjum hætti að allir þeir sem búa á sama býli geti haft hrossin sín saman í „rétt.“

Frekari umræður um félagsaðild og grasrótastarf spunnust út úr þessu og mun FHB leita leiða til að bjóða sínum félagsmönnum tilboð og annað þess háttar er tengist aðild þeirra að FHB. Hins vegar liggja rötin að starfinu auðvitað hjá aðildarfélögum og mikilvægt að þau séu virk og dragi þannig fólk að.

Ekkert nýtt að fréttu af því að fá vsk aflétt/lækkað af söluhrossum. Ráðherrar í sjálfu sér ekki á móti, en þessi mál eru einfaldlega ekki til skoðunar eins og er.

Hulda greindi frá þeim verkefnum sem FHB hefur sótt um styrki í hjá þróunarfjárnefnd hrossaræktarinnar. Um er að ræða metnaðarfulla markaðsverkefni, en hvort hægt verður að ráðast í þau fer að sjálfsgöðu eftir fjármögnunarmöguleikum. Unnið er að nýju heimasíðunni um þessar mundir, auk þess sem Hulda er að afla gagna um stöðu á erlendum mörkuðum ofl.

Hún rakti líka USA ferð stjórnar og starfsmanns sl. haust og hversu mikilvægt það er að styðja við þá sem starfa inni á markaðssvæðunum. Ekki síður er mikilvægt að byggja upp keppni og annan slíkan vettvang þar sem fólk getur komið saman með hesta sína, keppt og notið samvistu við annað Íslandshestafólk.

Ólafur H. Einarsson var gestur fundarins og fjallaði hann um nýjar áherslur í útgáfu Eiðfaxes. Eiðfaxi hefur nýlega keypt Íslandshestablað í Skandinavíu og sér ýmis tækifæri í þeirri útgáfu og samþættingu við íslensku útgáfuna.

Rætt um hugsanlegt samstarf við Eiðfaxes og tilboð til félagsmanna. Stjórn mun vinna í því máli.

Skýrslur deilda:

Sigurður Jökulsson sagði frá starfi Dalamanna. Þeir eru með jörð á leigu og hafa þar tvær góðar stóðhestagirðingar. Geta boðið sínu fólki girðingagjöldin á sanngjörnu verði og niðurgreiða folatolla til félagsmanna. Ca. 50 manns í deildinni og þátttaka bara nokkuð góð á þeim viðburðum sem deildin stendur fyrir, s.s. skemmtiferðum og námskeiðum.

Magnús Jósefsson í A-Hún sagði þeirra helsta starf snúa að stóðhestahaldi, en þeir greiða að auki folatolla niður um kr. 10.000 fyrir félagsmenn sína. Sagði litla endurnýjun í félagsskapnum og kannski vantaði eitthvað upp á félagslega þáttinn. Þeir væru þó vel settir varðandi aðstöðu, með gott hól og svo reiðhöllina á Blönduósi sem hefur gert gríðarlega mikið fyrir unglíngastarf og fræðslu m.a. Þeir héldu byggingardóma námskeið í vetur og var það vel sótt og sjálfsagt mætti gera meira af slíku.

Jósef Valgarð Þorvaldsson frá HrAust sagði þá standa í mikilli varnarbaráttu þessa dagana vegna kostnaðar og málaferla í tengslum við Fjórðungsmót á Austurlandi. Þeir eru þó ekki dauðir úr öllum æðum og ætla að byggja 20 hesta hús við nýja reiðhöll á Austurlandi. Þeir halda 1-2 stóðhesta á ári og hefur það gengið misjafnlega hvað aðsókn varðar.

Birna Hauksdóttir frá FHB á Vesturlandi segir starfsemi þeirra í hefðbundnum farvegi, en allt stóðhestahald fari fram á vegum Hrossaræktarsambands Vesturlands. Hún óttast flóttu úr félaginu ef WorldFengs áskriftin býðst annars staðar.

Sveinn Steinarsson frá Sunnlendingum sagði svæði HSS mjög stórt og félagar væru um 500. Þeir standa fyrir hefðbundnum sýningum eins og undanfarin ár; folaldasýning, ungfolasýning og ræktunarsýning, en mikið framboð af sýningum hefur þó orðið til þess að kannski þurfi menn að endurskoða sýningahaldið. Þeir hafa haldið námskeið í samstarfi við Lbhí, m.a. í hæfileikadómum, sem tókst vel og var vel sótt. Einnig byggingardómanámskeið sem tókust vel og sagði Sveinn ómetanlegt að eiga gott samstarf við Lbhí.

Ingimar Ingimarsson úr Skagafirði sagði félag hjá þeim vera um 180 og endurnýjun væri þó nokkur. Þeir halda stóðhesta þó eitthvað hafi dregið úr umsvifum á þeim vettvangi en þeir eru með tvo hesta núna. Hestarnir eru seldir út á leiguverði og er kostnaður niðurgreiddur fyrir félagsmenn. Deildin heldur uppskeruhátíð þar sem hæst dæmdu hross ársins eru verðlaun og hefur þessi nýlunda mælst vel fyrir. Þar eru Sörlabíkarinn og Ófeigsbíkarinn afhentir hæst dæmda kynbótahrossinu og ræktunarbúi ársins.

Þeir hafa líka staðið fyrir folalda- og ungfolasýningu og sambandið er annar stærsti hluthafinn í reiðhöllinni á Sauðárkróki sem hefur bylt allri hestamennsku á svæðinu.

Ríkhartur Hafdal er nýr formaður Hrossaræktarsamtaka Ey-Þing. Samtökin eiga hluti í þremur stóðhestum, en stóðhestahald á þeirra vegum fer minnkandi. Deildir innan samtakanna eru mjög virkar og standa fyrir alls kyns uppákomum og viðburðum. Deildirnar halda m.a. folaldasýningar og svo er haldin ein sameiginleg úrvalssýning þar sem bestu gripirnar af hverri sýningu koma saman. Samtökin halda úti vefsíðunni hryssa.is og hefur heldur fjölgað í samtökunum. Reynt er að halda verði á folatollum niðri eins og hægt er.

Þegar þarna var komið spannst umræða um val á ræktunarbúi ársins og greindu fulltrúar deildanna frá þeim aðferðum sem notuð eru til að velja slík bú heima í héraði, en mismunandi reglur eru í gildi.

Kristinn spurði Birnu hvernig stæði á því að Vestlendingar væru enn að reka hrossaræktina í gegnum tvo félög, þ.e. FHB deild og hrossaræktarsamband og svaraði Birna því til að menn væru sáttir við þetta fyrirkomulag og sæju ekki ástæðu til að breyta því.

Kristinn opnaði næst umræðum um sýningarfyrirkomulag og sagði að til stæði að gera prufur í sumar á því að sýna hross á hringvelli og beinni braut í bland. Hann ítrekaði þó að ekkert væri búið að ákveða í þessum efnum og hross yrðu sýnd á beinni braut í ár líkt og verið hefur. Þó hefur fagræð þegar ákveðið að girðingar við sýningabrautir skuli lækkaðar og brautir víkkaðar. Einnig að brautarendar verði skýrt afmarkaðir. Allir áverkar sem koma til í sýningu í sumar munu verða skráðir í WorldFeng.

„Hvað viljum við sjá hvar?“ velti Kristinn fyrir sér, þ.e. hvað á hringbraut og hvað á beinni braut? Málið rætt vítt og breitt og las Sveinn Steinarsson m.a. tillögu frá HSS um þessi mál (*setja tillögu inn*).

Kristinn sagðist telja að á hring myndum við sjá enn betur mýkt, snerpu og jafnvægi hrossanna. Ingimar sagði að menn ættu ekki að hika við að prófa hlutina, en vita þyrfti hvað væri verið að prófa. Einhvern veginn þyrfti að staðla prufurnar og prófa þá með nógu mörg hross. Fram kom að gera á tilraun með þetta á Mið-Fossum í apríl og hugsanlega einnig á Hellu í ágúst.

Fundarmenn voru allir sammála um að skoða beri málið og prófa, öðru vísi fengist ekki neinn raunhæfur umræðugrundvöllur.

Rætt um Landsmót. Fundarmenn sammála um nauðsyn þess að létta dagskrá landsmótanna. Ekki ætti þó að halda áfram að skera niður kynbótahrossin og hækka stanslaust mörkin. Ljóst að

klárhrossin eiga undir högg að sækja og munu sum hver ekki eiga möguleika á að komast inn á mót vegna þessa, þó um mjög eftirtektarverða gripi sé að ræða. Landsmótið er markaðsluggi ræktenda og þó að ræktunarmarkmiðið miði að alhliða hesti, vill markaðurinn ekki síður sjá flotta klárhesta. Hugmyndir um hvernig léttu mætti dagskrána voru t.d. að fækka ferðum í sýningu, sleppa fetinu, fækka í gæðingakeppninni og sleppa ræktunarbússýningum sem mönnum finnst vera farnar að missa marks.

Einnig gerðu fundarmenn athugasemdir við að ekki væru öll kynbótahross á LM sýnd á DVD disknum af mótinu, þar væri verið að gera upp á milli hesta og hafa af þeim kynninguna sem fylgir slíkri útgáfu.

Kristinn sagði frá stöðu mála í Þróunarfjárnafnd hrossaræktarinnar. Mikill fjöldi umsókna liggur fyrir nefndinni, en hún hefur ekki tekið þær fyrir ennþá. Sagði vinnufund framundan og sagðist vonast til að gengið yrði frá málum þar sem fyrst.

Að lokum hvatti Kristinn fundarmenn til að virkja grasrótina og deildirnar til góðra verka og þakkaði góðan fund.

HGG/hgg